



## Reglur Barnaverndar Þingeyinga um veitingu fjárstyrks til greiðslu lögmannskostnaðar

### 1. gr.

Barnaverndarnefnd Þingeyinga er heimilt að veita foreldrum eða öðrum forsjáraðilum og barni 15 ára og eldra fjárstyrk til greiðslu lögmannsaðstoðar vegna málsmeðferðar fyrir nefndinni áður en kveðinn er upp úrskurður sbr. 1. mgr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Veittur er fjárstyrkur vegna fyrir töku á fundi barnaverndarnefndar, þ.e. vinnuframlag til undirbúnings og mætingar á fund nefndarinnar þegar til greina kemur að beita þvingunar úrræðum samkvæmt barnaverndarlögum. Eftir atvikum er veittur styrkur til kynningar á niðurstöðum nefndarinnar.

Ekki er veittur styrkur vegna viðveru lögmanns á fundum með starfsmönnum nefndarinnar nema sérstaklega hafi verið óskað eftir við veru lögmanns af hálfu starfsmanns.

### 2. gr.

Barnaverndarnefnd er jafnframt heimilt að veita aðilum máls fjárstyrk til greiðslu lögmannskostnaðar fyrir kærunefnd barnaverndarmála með sömu skilmálum og koma fram í 1. gr.

Fjárstyrk má einnig veita með sömu skilmálum í þeim tilvikum þar sem barni er skipaður talsmaður sbr. 3. mgr. 46. gr. barnaverndarlaga.

### 3. gr.

Fjárstyrkur til greiðslu lögmannskostnaðar er háður því skilyrði að lög lærður aðstoðarmaður hafi réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi eða Hæstarétti. 4. gr. Foreldrar eða aðrir forsjármenn barna velja sér sjálfir lögmann. Hið sama gildir um barn sem náð hefur 15 ára aldri og er aðili máls sbr. 1. mgr. 46. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. 5. gr. Beiðni um fjárstyrk skal vera skrifleg og undirrituð. Með beiðni skulu fylgja upplýsingar um eignir og tekjur styrkbeiðanda, s.s. staðfest ljósrit af síðasta skattframtali, afrit af álagningarseðli, yfirlit yfir tekjur viðeigandi og önnur þau gögn er Barnaverndarnefnd kann að kalla eftir. Jafnframt skal fylgja sundur liðuð tímaskýrsla lögmanns. Heimilt er að veita styrk þegar efnahag styrkbeiðanda er þannig háttað að kostnaður af gæslu hagsmuna hans yrði honum fyrirsjáanlega

ofviða.

*Að jafnaði skal ekki veita styrk ef stofn til útreiknings tekjuskatts, útsvars og fjármagnstekjur styrkbeiðanda nema hærrí fjárhæð en kr. 6.000.000 á ári. Sé styrkbeiðandi í hjúskap eða sambúð ber að hafa hliðsjón af tekjum maka og skulu samanlagðar árstekjur ekki nema hærrí upphæð en kr. 8.500.000 á ári.*

Þó má veita styrk þótt tekjur séu umfram framangreindar viðmiðunarfjárhæðir í sérstökum undantekningartilfellum, t.d. ef mál er sérstaklega umfangsmikið og flókið, framfærslukostnaður styrkbeiðanda er óvenjulega hár af einhverjum ástæðum, aflahæfi hans eða maka eða sambúðaraðila er verulega skert til frambúðar eða aðrar knýjandi ástæður mæla með því. Fjárhæð styrks skal metin með hliðsjón af eðli og umfangi málsins og skal tekið tillit til efnahags styrkbeiðanda samkvæmt framangreindu þegar ákvörðun um fjárstyrk er tekin. Viðmiðunargjald [1] vegna fjárstyrks miðast við ákveðna fjárhæð á hverja unna klukkustund lögmanns og er ákveðið af sveitarstjórn að fengnum tillögum sviðsstjóra fjölskyldusviðs og sveitarstjóra. Að jafnaði skal ekki veittur fjárstyrkur til greiðslu fleiri en 15 klst. vegna meðferðar máls fyrir Barnaverndarnefnd og 10 klst. vegna meðferðar máls fyrir kærunefnd barnaverndarmála.

#### **4.gr.**

Félagsmálastjóri staðfestir reikninga vegna lögmannskostnaðar.

#### **5. gr.**

Ákvörðun um fjárhæð styrks er hægt að kæra til úrskurðarnefndar velferðarmála sbr. 6.gr barnaverndarlaga 80/2002.

#### **6.gr.**

Reglur þessar skulu kynntar forsjáraðilum barns ef mál þeirra sæta meðferð barnaverndarnefndar og þeim lögmonnum sem taka að sér að aðstoða þá sbr. 40.gr. barnaverndarlaga.

#### **7.gr.**

Viðkomandi sveitarfélag greiðir allan kostnað sem hlýst af reglum þessum vegna íbúa með lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi.

#### **8.gr.**

Fjárhæð tímagjalds er háð viðmiðunarreglum dómstólasýslunnar. Leiðbeinandi reglur dómstólasýslunnar nr.11/2018 er 17.000 kr. á klukkustund.  
<http://www.domstolasyslan.is/domstolasyslan/reglur/reglur-um-malsvarnarlaun-eda-thoknun-til-verjanda-og-thoknun-til-rettargaeslumanna-o.fl/>



## 9.gr.

Reglur þessar eru settar með stoð í 2. mgr. 47. gr. barnaverndarlaga og öðlast gildi við staðfestingu sveitarstjórnar hvers sveitarfélags.

[1] 17.000 krónur á klst. 18. Desember 2017 sbr. reglur dómstóla um greiðslu lögmannskostnaðar.

Fylgiskjal: úr barnaverndarlögum 2002 nr. 80 10. maí

6. gr. [Úrskurðarnefnd velferðarmála. Heimilt er að skjóta úrskurðum og stjórnarsýsluákvörðunum barnaverndarnefnda, eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum, til úrskurðarnefndar velferðarmála, sbr. lög um úrskurðarnefnd velferðarmála. Enn fremur er unnt að skjóta til nefndarinnar ákvörðunum Barnaverndarstofu skv. 3., 5. og 6. mgr. 15. gr., 66. gr., 3. mgr. 84. gr., 4. mgr. 89. gr. c og 2. mgr. 91. gr.] 1) 1)L. 85/2015, 13. gr.

47. gr. Andmælaregla. Aðilar barnaverndarmáls skulu eiga þess kost að tjá sig munnlega eða skriflega, þar með talið með aðstoð lögmanns, um efni máls og annað sem lýtur að málsmeðferðinni áður en Barnaverndarnefnd kveður upp úrskurð. Barnaverndarnefnd skal veita foreldrum og barni sem er aðili máls fjárstyrk til að greiða fyrir lögmannsaðstoð skv. 1. mgr. og í tengslum við rekstur máls fyrir [úrskurðarnefnd velferðarmála] 1) eftir reglum sem nefndin setur. Í reglunum skal taka tillit til efnahags foreldra, eðlis og umfangs málsins. 1)L. 85/2015, 13. gr.

51. gr. Málskot. [Aðilar barnaverndarmáls geta skotið úrskurði eða ákvörðun skv. [6. gr.] 1) til [úrskurðarnefndar velferðarmála] 1) innan fjögurra vikna frá því að viðkomandi var tilkynnt um úrskurð eða ákvörðun. [Úrskurðarnefndin] 1) getur ákveðið að formaður nefndarinnar fari einn með mál og kveði upp úrskurð ef mál þykir ekki varða mikilsverða hagsmuni barns. [Úrskurðarnefndin] 1) skal innan tveggja vikna frá því að henni berst kæra taka mál til meðferðar og úrlausnar. [Úrskurðarnefndin] 1) skal kveða upp úrskurð í máli svo fljótt sem kostur er og eigi síðar en innan þriggja mánaða frá því að úrskurður barnaverndarnefndar var kærður til hennar. [Úrskurðarnefnd velferðarmála] 1) getur metið að nýju bæði lagahlið máls og sönnunargögn. Nefndin getur ýmist staðfest úrskurðinn að niðurstöðu til eða hrundið honum að nokkru eða öllu leyti. Þá getur [úrskurðarnefndin] 1) einnig vísað málinu til barnaverndarnefndar til meðferðar að nýju.] 2) 1)L. 85/2015, 13. gr. 2)L. 80/2011, 25.



Samþykkt í Fjölskylduráði Norðurþings þann 13. jan. 2020 og staðfest í Sveitarstjórn Norðurþings þann 21. jan. 2020.

